

## LÖG

### KJÖRDÆMISRÁÐS SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

#### Í NORÐVESTURKJÖRDÆMI

##### Kjördæmisráð

###### 1. grein

Sjálfstæðisfélögin og fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Norðvesturkjördæmi mynda með sér sameiginlegt ráð, er nefnist Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi.

###### 2. grein

Hlutverk kjördæmisráðs er að fara með sameiginleg flokksmál í kjördæminu í umboði miðstjórnar.

##### Skipan kjördæmisráðs

###### 3. grein

1. Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna kjósa hvert um sig fulltrúa í kjördæmisráð, einn fulltrúa fyrir hverja 10 fulltrúaráðsmeðlimi eða brot úr þeirri tölu, sbr. 41. gr. skipulagsreglna Sjálfstæðisflokksins.
2. Að auki kjósa félögin í kjördæmisráð sem svarar einum fulltrúa fyrir hverja 50 fullgilda félagsmenn sjálfstæðisféлага í umdæminu eða helmingabrot þeirrar tölu eða meira, í réttu hlutfalli við fjölda fullgildra félagsmanna á síðasta aðalfundi félagsins. Þó skal félag, sem ekki nær þessari tölu hafa rétt til að kjósa einn fulltrúa í kjördæmisráð. Stjórn fulltrúaráðs skiptir fulltrúum milli félaganna eftir þessari reglu. Vilji félögin ekki una þeirri skiptingu, geta þau lagt ágreininginn undir úrskurð almenns fundar í fulltrúaráðinu, en síðar má skjóta málinu til kjördæmisráðs, sem hefur endanlegt útskurðarvald.
3. Formenn fulltrúaráða, formenn kjördæmissamtaka ungra sjálfstæðismanna, kvenna og eldri sjálfstæðismanna og formaður launþegaráðs sem nær yfir kjördæmið, kjörnir þingmenn flokksins í kjördæminu og stjórnarmenn í stjórn kjördæmisráðs eru sjálfkjörnir í kjördæmisráð.
4. Frambjóðendur í aðalsætum á lista Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu við hverjar alþingiskosningar, aðrir en kjörnir alþingismenn, skulu hafa rétt til fundarsetu á fundum kjördæmisráðs, með málfrelsi og tillögurétti, en hafa þar ekki atkvæðisrétt nema þeir séu kjörnir fulltrúar. Sama á við flokksráðsmenn í kjördæminu og oddvita á framboðslistum til sveitarstjórna eigi þeir ekki sæti í kjördæmisráðinu.

###### 4. grein

Fulltrúar í kjördæmisráði skulu kosnir árlega á aðalfundum fulltrúaráða og sjálfstæðisféлага. Umboð kjördæmisráðsfulltrúa gilda frá aðalfundi viðkomandi fulltrúaráðs eða sjálfstæðisfélags til næsta aðalfundar þess.

Þrátt fyrir ákvæði í 1. mgr. falla umboð kjördæmisráðsfulltrúa úr gildi ef meira en átján mánuðir eru liðnir frá því þeir voru kosnir, miðað við fundardag kjördæmisráðs.

##### Stjórn kjördæmisráðs og verkefni hennar

###### 5. grein

Stjórn kjördæmisráðs skal skipuð 7 mönnum og jafn mörgum til vara. Skal formaður kosinn sérstaklega.

###### 6. grein

Kjördæmisstjórn skal:

1. Annast framkvæmdastjórn kjördæmisráðs.
2. Sjá um, að flokkskerfið í kjördæminu sé í samræmi við skipulagsreglur flokksins.
3. Fylgjast með því, að fulltrúaráðin og sjálfstæðisfélögin kjósi reglulega fulltrúa í kjördæmisráð.
4. Hafa vörslu sjóðs kjördæmisráðs og annarra sameiginlegra eigna flokksins í kjördæminu.

## **7. grein**

Árgjald sem ákveðið er á aðalfundi skal greitt í sjóð kjördæmisráðs fyrir hvern fullgildan félagsmann í sjálfstæðisfélögum þeim, sem standa að kjördæmisráðinu.

## **8. grein**

Stjórn kjördæmisráðs hefur heimild til að skipa þær starfsnefndir fyrir kjördæmisráð, sem þörf krefur á hverjum tíma.

## **Kjörnefnd vegna alþingiskosninga**

### **9. grein**

Í kjörnefnd eru 15 menn. Formaður kjördæmisráðs er sjálfkjörinn, en í forföllum hans varaformaður kjördæmisráðs. Á aðalfundi skal kjósa 14 fulltrúa og þrjá varamenn þeirra. Kjörnefnd kýs sér formann.

Kjörnefnd gerir tillögur til kjördæmisráðs um framboðslista flokksins við kosningar til Alþingis.

### **10. grein**

Kjördæmisráð ákveður framboðslista flokksins við kosningar til Alþingis. Þegar ákveða skal framboð, skal til þess fundar boðað á þann hátt, að allir ráðsmenn fái örugglega vitneskju um fundinn og dagskrá hans með minnst viku fyrirvara. Til þess að listi sé lögmætur, þarf meirihluti atkvæðisbærra fundarmanna að samþykkja hann. Skylda er að hafa leynilega atkvæðagreiðslu, ef þess er óskað.

Stjórn kjördæmisráðs skal leita staðfestingar miðstjórnar á framboðslistum í samræmi við 54. grein Skipulagsreglna Sjálfstæðisflokksins.

### **11. grein**

Þegar framboðslisti flokksins til Alþingiskosninga hefur verið ákveðinn, skal stjórn kjördæmisráðs, ásamt formönnum fulltrúaráðanna og frambjóðendum í aðalsætum á lista flokksins, mynda kosningastjórn, sem sameiginlega stjórnar og ber ábyrgð á kosningunum. Kosningastjórn ræður eða skipar síðan 3 menn í framkvæmdastjórn.

### **Prófkjör**

### **12. grein**

Ákveði kjördæmisráð að viðhafa prófkjör við val á frambjóðendum til Alþingiskosninga skal það fara fram á samræmi við samræmdar framkvæmdareglur miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins sbr. 56. grein Skipulagsreglna Sjálfstæðisflokksins.

## **Aðalfundur kjördæmisráðsins**

### **13. grein**

Aðalfundur kjördæmisráðs skal haldinn ár hvert og eigi síðar en fyrir lok októbermánaðar. Fundinn skal boða öllum aðildarfélögum með minnst 3ja vikna fyrirvara. Stjórn kjördæmisráðs boðar til aðalfundar og ákveður fundarstað og tíma og gildir hið sama um aðra fundi kjördæmisráðs.

### **14. grein**

Á aðalfundi kjördæmisráðs skal starfa uppstillingarnefnd, er gerir tillögur um kosningu stjórnar, kjörnefndar og fulltrúa í flokksráð, hún skal skipuð þrem mönnum sem skulu kosnir í upphafi fundarins. Formaður kjördæmisráðs boðar nefndina til fyrsta fundar, en nefndin kýs sér formann.

## 15. grein

Á aðalfundi kjördæmisráðsins skal eftirtalið tekið fyrir:

1. Skýrsla fráfarandi stjórnar og reikningar kjördæmisráðsins.
2. Lagabreytingar.
3. Ákvörðun árgjalds.
4. Stjórnarkjör.
  - a. Kosning formanns.
  - b. Kosning 6 stjórnarmanna.
  - c. Kosning 7 varamanna.
5. Kosning kjörnefndar.
6. Kosning fulltrúa í flokksráð skv. 14.gr. Skipulagsreglna Sjálfstæðislokksins.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
8. Önnur mál.

## 16. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf 2/3 hluta atkvæða allra atkvæðisbærra fundarmanna til að breytingin ná fram að ganga.

## 17. grein

Nú óska a.m.k. 20 kjördæmisráðsmenn skriflega eftir því við stjórn kjördæmisráðs að fundur verði haldinn í ráðinu um tiltekið mál og skal stjórnin þá verða við þessari ósk eigi síðar en 14 dögum eftir að henni barst hin skriflega ósk um fund. Þessi fundur er ekki ályktunarfær nema helmingur kjördæmisráðsmanna sé mættur.

## 18. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt á stofnfundi kjördæmisráðs Norðvesturkjördæmis sem haldin var að Laugum í Dalasýslu, laugardaginn 30. september 2000 ásamt breytingum sem gerðar voru á aðalfundi kjördæmisráðs að Laugum í Dalasýslu, laugardaginn 23. september 2001.